

Reykjanesbær 19. janúar 2022

Berist til fræðslustjóra, sveitarstjóra/bæjarstjóra.

**Málefni: Hvatning til sveitarstjórna/bæjarstjórna um allt land að greiða skólastjórnendum fyrir vinnu sína er viðkemur rakningarvinnu vegna Covid – 19.**

*Ágætu fræðslustjórar / sveitarstjórar / bæjarstjórar*

Nú hafa skólastjórnendur unnið hörðum höndum við að halda úti skólastarfi við grunnskóla landsins í nær tvö ár. Allir sem einn hafa lagt sig fram við að búa um skólastarf eftir kostum á hverjum stað. Þeir hafa unnið kvöld og helgarvinnu án þess að fá greiðslur fyrir. Nú er staðan því miður orðin sú að stjórnendur eyða margir hverjir heilu og hálfu kvöldunum og helgunum við að rekja smit innan skólans. Þess fyrir utan eru þeir að reyna að skipuleggja daginn þannig að engin skerðing verði á kennslu eða kennsla felld niður.

Það er löngu komið að þolmörkum og viljum við svæðaformenn félags skólastjórnenda á Íslandi hvetja ykkur til að greiða stjórnendum fyrir þá vinnu. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg hafið greiðslur til skólastjórnenda fyrir rakningar frá ágúst 2021. Í fastlaunasamningi skólastjóra er gert ráð fyrir 40 stunda vinnuviku. Eins og staðan er núna í mörgum skólum eru vinnustundir stjórnenda miklu fleiri en samningur segir til um, jafnvel tvöfalt fleiri og álagið gríðarlegt. Allir sem einn vinna þessa vinnu af heilum hug og eiga mikið hrós skilið.

Fyrir hönd svæðaformanna Skólastjórafélags Íslands

***Gróa Axelsdóttir***

Formaður félags skólastjórnenda á Reykjanesi